

Nd.

252. Breytingartillögur

[132. mál]

við frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968 og lög nr. 58/1972.

Frá Sverri Hermannssyni, Karvel Pálmasyni, Jóni Skaftasyni, Garðari Sigurðssyni, Stefáni Gunnlaugssyni og Pétri Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Síðari efnismálgrein falli niður.
2. Aftan við frv. bætist svofellt bráðabirgðaákvæði:

Nú hefur útgerðarmaður keypt sér tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 1. gr. laga þessara:

 1. Dánarbætur:
 - a) 1 milljón króna við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
 - b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt a-lið 1. málsg. 35. gr. almannatryggingalaga.
 - c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsg. sömu gr.
 2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
 - a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. og nema $\frac{3}{4}$ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er hinn slasaði hafði fyrir slysið.
 - b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 3 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.